


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 4	Kynjafræði FÉL273 Kennsluáætlun haustönn 2013	

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----


Áfangalýsing: Í áfanganum verða hlutverk karla og kvenna skoðuð út frá kenningum kynjafræðinnar. Fjallað verður um stöðu kynjanna á ýmsum sviðum samfélagsins s.s. innan fjölskyldunnar, á vinnumarkaði, í stjórnámálum, íþróttum, fjölmiðlum, o.fl. Einnig um kynbundið ofbeldi og klámvæðingu. Leitast verður við að svara spurningum eins og: Er staða kynjanna ólík? Hvernig þá? Af hverju? Þurfum við að breyta einhverju?

Nemendur kynnast kenningum og hugtökum kynjafræðinnar, með það að markmiði að vekja nemendur til meðvitundar um réttindi sín varðandi jafnréttismál og þjálf þá í að greina samfélagið með kynjagleraugum. Einnig verður fjallað um sögu jafnréttisbaráttunnar.

Markmið:


- Að nemendur kunni skil á grundvallarhugtökum í kynjafræðum.
- Að nemendur afli sér þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú.
- Að nemendur þjálfist í að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.
- Að nemendur þjálfist í að líta á samfélagið út frá sjónarhorni mismunandi þjóðfélagshópa.
- Að nemendur verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar fyrr og nú.
- Að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun.

Námsgögn: Kynungabók, ljósritað hefti sem fæst á skrifstofu. Annað efni frá kennara og á Moodle-síðu áfangans.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Kynjafræði FÉL273	
Síða 2 af 4		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni	Verkefni
34. 22/8 - 23/8	Kynning á áfanga. Vangaveltur um námsþætti og hugtök í kynjafræði.	Upphaf dagbókar
35. 26/8 - 30/8	Framhald frá fyrri viku. Saga jafnréttisbaráttunnar á Íslandi. Feminismi.	Dagbók
36. 2/9 - 6/9	Staðan í dag. Hlutdeild og samfélagsleg þátttaka kvenna og karla.	Dagbók
37. 9/9 - 13/9	Kynjakerfið.	Dagbók
38. 16/9 - 20/9	Kyn og kyngervi	Dagbók. Skil á dagbók
39. 23/9 - 27/9	Karlmennska / kvenleiki. Staðalmyndir	Dagbók. Skil á skriflegu verkefni
40. 30/9 - 4/10	Auglýsingar. Code of Gender.Vetrarfrí	Dagbók.
41. 7/10 - 11/10	Dægurmenning s.s. sjónvarpsættir, kvikmyndir o.fl.	Dagbók. Miðannarmat.
42. 14/10 - 18/10	Klám og klámvæðing.Skil á valverkefnum.	Dagbók.
43. 21/10 - 25/10	Klám og klámvæðing.	Dagbók
44. 28/10 - 1/11	Kynbundið ofbeldi. Heimilisofbeldi/nauðganir	Dagbók. Skil á valverkefni.
45. 4/11 - 8/11	Kynbundinn húmor.	Dagbók. Könnun/próf
46. 11/11 - 15/11	Vinumarkaðurinn.	Dagbók.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 4	Kynjafræði FÉL273 Kennsluáætlun haustönn 2013	

	Jafnréttislögin.	
47. 18/11 - 22/11	Fjölskyldur og kynjahlutverk. Málstofa	Dagbók. Málstofa
48. 25/11 - 29/11	Málstofa.	Dagbók. Málstofa
49. 2/12 - 3/12	Farið yfir önnina. Spjall.	Lokaskil á dagbók.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi %
Dagbók	Ígrundunardagbók. Nemendur skrifa a.m.k. vikulegar hugleiðingar um námsefnið. Nánari upplýsingar verða kynntar í kennslustund.	40%
Skriflegt verkefni	Nemendur skila skriflegu verkefni upp á 3-5 blaðsíður.	10%
Könnun	Könnun/tímapróf. Ef nemendur mæta ekki þegar könnunin fer fram fá þeir núll fyrir þennan námsþátt, nema um gild forföll sé að ræða.	15%
Valverkefni	Nemendur velja efni í samráði við kennara til að kynna.	10%
Samvinnuverkefni	Nemendur vinna fyrirlestur til að flytja á málþingi sem haldið verður í lok annar. Efnisval í samráði við kennara.	15%
Þátttaka og mæting	Mæting og þátttaka í tímum	10%

Annað: Reglur um verkefnaskil eru í samræmi við reglur samfélagsfræðideildar VMA og má finna hér fyrir neðan. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér þær vel.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Kynjafræði FÉL273	
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		
Kennsluáætlun haustönn 2013		

Samfélagsfræðideild

Reglur um verkefnaskil

Öll verkefni sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í kennsluáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða efnispætti eða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.

Nemendum sem eru undanþegnir mætingaskyldu skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og ber þeim að virða þá.

Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna veikinda, hafi þau verið tilkynnt áður en skilafrestur rann út.

Kennurum er ekki heimilt að veita lengri skilafrest vegna vinnu, íþróttá, félagsmála eða ferðalaga nema það samræmist reglum skólans um undantekningar þar á.

Ef vanskil verða lækka einkunnir verkefna sem gilda 10% eða meira sem hér segir:

- 1 virkur dagur: 0,5
- 2 virkir dagar: 1
- 3 virkir dagar: 1,5
- 4 virkir dagar: 2
- 5 virkir dagar: 2,5

Eftir þessa fimm daga hafa nemendur viku til að skila verkefni, en eftir það verður ekki tekið við því.

Í öllum áföngum gildir sú regla að verkefnum sem gilda 10% eða meira ber að skila, annars telst nemandinn ekki hafa staðist áfangann.

Kennarar samfélagsfræðideildar VMA

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils